

**Sp.**

## **221. Tillaga til þingsályktunar**

um rannsókn á því, hvort hagkvæmt sé að flytja timburhús til landsins.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram rannsókn á því, hvort hagkvæmt muni vera að flytja sænsk timburhús til landsins. Skal áherzla lögð á að afla gagna um gæði húsanna og verð þeirra bæði utanlands og þegar búið er að koma þeim upp hér á landi. Þá skal einnig rannsaka, hvort draga þurfi úr innflutningi á öðrum nauðsynjum, ef hús þessi eru flutt inn, svo og öll önnur atriði, sem þýðingu geta haft um það, hvort hagkvæmt sé að stuðla að innflutningi þessara húsa í verulegum mæli. Jafnskjótt og rannsókn er lokið, skal ríkisstjórnin birta skýrslu um hana almenningi til leiðbeiningar.

### **Greinargerð.**

Ýmsir telja, að eitt hagkvæmasta ráðið til að bæta úr húsnæðisvandradunum sé að flytja inn í stórum stíl sænsk timburhús. Af húsum þessum fer hins vegar mjög tvennum sögum. Sumir telja þau ágæt. Aðrir finna þeim margt til foráttu. M. a. telja sumir fagmenn, er húsin hafa skoðað, að þau séu bæði óvönduð og muni, þegar allur kostnaður er með talinn, sízt verða ódýrari en þau hús, sem nú eru byggð hér. Um þetta liggja þó engar fullgildar rannsóknir eða skýrslur fyrir.

Úr þessu verður hins vegar að fást skorið. Ef húsin eru góð og ódýr og innflutningur þeirra þess vegna hagkvæmur, er sjálfsagt að greiða sem allra mest fyrir honum. Ef hið gagnstæða reynist rétt, þá er nauðsynlegt, að menn fái sem fyrst örugga vitneskju um það, svo að falsvonir nái ekki að þróast í þessu vandasama og viðkvæma máli.

Hér sem ella er sjálfsagt að hafa það, er sannara reynist, og hegða sér síðan samkvæmt því.

Er þess því að vænta, að Alþingi og ríkisstjórn bregðist vel við og geri hið fyrsta þær ráðstafanir, sem í tillögunni greinir.